



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

KÖNNUN MEÐAL STARFSFÓLKIS Í BÚSETU FÓLKIS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN, 45 ÁRA OG ELÐRA

Skýrsla unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir
Ás styrktarfélag

Heiður Hrund Jónsdóttir
Friðrik H. Jónsson
Mars 2008



Efnisyfirlit

UM RANNSÓKNINA	3
MARKMIÐ	3
FRAMKVÆMD	3
HEIMTUR	4
ÚRVINNSLA.....	5
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	6
NIÐURSTÖÐUR.....	8
FRÆÐSLA STARFSFÓLKS	8
SKYLDUR STARFSFÓLKS OG AÐSTADA ÞEIRRA	20
HAGIR ÍBÚA OG DAGLEGT LÍF ÞEIRRA	27
ÚRBÆTUR Í BÚSETUMÁLUM FÓLKS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN	41

Um rannsóknina

Í tilefni af Evrópuári jafnra tækifæra veitti Félagsmálaráðuneytið félagasamtökum styrki úr verkefnasjóði til verkefna sem hafa það að markmiði að vinna að almennri og víðtækri vitundarvakningu í samfélaginu um mismun á grundvelli kyns, öldrunar, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar og trúar. Ás styrktarfélag hlaut styrk til að framkvæma könnun á högum fólks með þroskahömlun, 45 ára og eldra.

Markmið

Markmið könnunarinnar var að fá upplýsingar og skoða aðstæður og lífsgæði þroskahamlaðra einstaklinga sem voru 45 ára og eldri. Sérstaklega var horft til búsetu, dagþjónustu/atvinnu, félagslífs og fjölskyldutengsla þroskahamlaðs fólks sem var að takast á við öldrunarferlið með ólíkum hætti. Ljóst er að mikilvægt er að horfa til framtíðar, skoða aðstæður og fá fram óskir um hvernig best sé að skipuleggja umhverfi og þjónustu við þennan hóp fólks á Íslandi.

Framkvæmd

Erna Einarsdóttir og Laufey Gissurardóttir, starfsmenn Áss styrktarfélags, sáu um gerð spurningalistans og framkvæmd könnunarinnar en Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um úrvinnslu. Þær höfðu samband við þau sveitarfélög og svæðisskrifstofur sem veittu fólki með þroskahömlun búsetuþjónustu og kynntu rannsóknina. Tvö sveitarfélög, Húsavík og Vestmannaeyja, tóku ekki þátt.

Á fundi hjá Félagsmálaráðuneytinu þann 2. nóvember 2007, var spurningalistum og kynningarbréfum komið til stjórnmenda þeirra svæða sem tóku þátt og komu þeir gögnunum í hendur forstöðumanna í búsetu. Þeir sem ekki gátu sótt fundinn fengu gögnin send í pósti þann 5. nóvember 2007. Forstöðumenn komu spurningalistum til starfsfólks síns sem svaraði spurningum um vinnuastöðu sína, skyldur sínar í starfi auk þess sem það lagði mat á hagi íbúanna. Útfylltir spurningalistarnir bárust til Áss styrktarfélags á bilinu 23. nóvember til 3. desember 2007.

Heimtur

Í heildina voru sendir út 611 spurningalistar og bárust svör við 308 þeirra. Svörun í könnuninni er því 50,4% en mögulegt er að svarhlutfallið sé vanmetið þar sem reikna má með að forstöðumenn í búsetu hafi óskað eftir ríflegum fjölda spurningalista og því hafi hluti af þeim 611 listum sem sendir voru út aldrei komist í hendurnar á starfsfólki. Tafla 1 sýnir heimtur fyrir hvert búsetusvæði.

Tafla 1. Heimtur

	Fjöldi lista sendir út	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Ás styrktarfélag	65	51	78,5%
Reykjavík	149	40	26,8%
Reykjanes	150	67	44,7%
Suðurland	50	27	54,0%
Hornarfjörður	8	6	75,0%
Austurland	40	17	42,5%
Akureyri	89	65	73,0%
Vestfirðir	30	12	40,0%
Vesturland	30	23	76,7%
Samtals	611	308	50,4%

Úrvinnsla

Í niðurstöðukaflanum eru svör þátttakenda greind eftir völdum bakgrunnspáttum þar sem kannað er hvort munur sé á svörum fólks eftir kyni skjólstæðinganna, aldri þeirra, búsetu, tegund húsnæðis sem þeir bjuggu í og eftir því hver eigandi þess húsnæðis var. Nánari lýsingu á þessum bakgrunnsbreytum er að finna í næsta kafla, *Bakgrunnsupplýsingar*.

Í töflunum í niðurstöðukaflanum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Til að meta hvort munur á milli hópa væri tölfræðilega marktækur var notast við kí-kvaðrat marktæktarpróf. Ef tölfræðileg marktækur munur kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna merkir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist hjá svarendum sé einnig til staðar meðal alls starfsfólks í búsetuþjónustu á þeim svæðum sem tóku þátt í könnuninni. Tvær stjörnur merkja að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur merkja að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í sumum tilvikum voru marktæktarpróf ógild vegna fámennra hópa og er það merkt með skammstöfuninni *óg*. Þegar ekkert er merkt hefur marktæktarpróf verið gilt en munur milli hópa ekki mælst tölfræðilega marktækur. Í texta verður einungis fjallað um mun milli hópa þar sem hann er tölfræðilega marktækur.

Bakgrunnsupplýsingar


Í næsta kafla eru svör þátttakenda greind eftir þeim bakgrunnsbreytum sem fjallað er um hér.

Karlar voru 16,9% og konur 83,1% þátttakenda. Eins og sjá má í töflu 2 var aldursdreifing svarenda nokkuð jöfn. Í ljósi þess hve fáir voru 20 ára eða yngri var sá hópur sameinaður þeim sem voru 21-30 ára auk þess sem eini svarandinn sem var eldri en 70 ára var sameinaður þeim sem voru 61-70 ára. Í niðurstöðukaflanum er því unnið með fimm aldurshópa í stað sjö.

Tafla 2. Aldur þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
20 ára og yngri	13	4,2	4,2
21-30 ára	68	22,1	22,2
31-40 ára	43	14,0	14,1
41-50 ára	76	24,7	24,8
51-60 ára	76	24,7	24,8
61-70 ára	29	9,4	9,5
71 árs og eldri	1	0,3	0,3
Svarar ekki	2	0,6	-
Alls	308	100%	100%

Búseta svarenda er þrískipt og eins og sjá má í mynd 1 komu tæp 30% svarenda frá Reykjavík, rúm 30% frá nágrenni Reykjavíkur (Reykjanes og Suðurland) og 40% af landsbyggðinni.



Mynd 1. Búseta þátttakenda

Grunnskólapróf var hæsta prófgráða 37% svarenda. Tæplega fimmtungur svarenda var með próf á framhaldsskólastigi annað en stúdentspróf og 16% svarenda voru menntaðir þroskaþjálfar (sjá töflu 3). Til að ná fram sem flestum gildum marktektarprófum í bakgrunnsgreiningu þurfti að sameina valda flokka breytunnar og eru upplýsingar um breytuna sem notast var við að finna í töflu 4.

Tafla 3. Hæsta prófgráða þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Grunnskólapróf	114	37,0	37,4
Stuðningsfulltrúi	14	4,5	4,6
Stúdentspróf	26	8,4	8,5
Annað próf á framhaldsskólastigi	60	19,5	19,7
Þroskaþjálfamenntun	49	15,9	16,1
Próf á háskólastigi með áherslu á félagsvísindi	25	8,1	8,2
Annað próf á háskólastigi	5	1,6	1,6
Annað/er í námi	12	3,9	3,9
Svarar ekki	3	1,0	-
Alls	308	100%	100%

Fyrir bakgrunnsgreiningu voru þeir svarendur sem tekið höfðu starfsnám stuðningsfulltrúa sameinaðir þeim sem höfðu lokið prófi á framhaldsskólastigi öðru en stúdentsprófi. Allir sem lokið höfðu prófi á háskólastigi öðru en þroskaþjálfanami voru sameinaðir og ekki var unnið með þá sem féllu ekki undir neinn flokk, þ.e. skráðu sig í annað eða voru í námi þegar könnunin var gerð (sjá töflu 4).

Tafla 4. Hæsta prófgráða þátttakenda. Sameinaðir flokkar til bakgrunnsgreiningar.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Grunnskólapróf	114	37,0	38,9
Stúdentspróf	26	8,4	8,9
Annað próf á framhaldsskólastigi/Stuðningsfulltrúi	74	24,0	25,3
Þroskaþjálfamenntun	49	15,9	16,7
Annað próf á háskólastigi	30	9,7	10,2
Annað/er í námi	12	3,9	-
Svarar ekki	3	1,0	-
Alls	308	100%	100%

Um 12% svarenda höfðu starfað skemur en eitt ár við búsetuþjónustu en fjórðungur hafði starfað lengur en 10 ár (sjá töflu 5).

Tafla 5. Hve lengi hefur þú starfað við búsetuþjónustu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Skemur en 1 ár	38	12,3	12,4
1 til 3 ár	74	24,0	24,1
4 til 6 ár	63	20,5	20,5
7 til 10 ár	56	18,2	18,2
Lengur en 10 ár	76	24,7	24,8
Svarar ekki	1	0,3	-
Alls	308	100%	100%

Niðurstöður

Niðurstöðurnar skiptast í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn snýr að fræðslu starfsfólks en svarendur voru spurðir um þá menntun og námskeið sem þeir höfðu lokið, aðgang þeirra að fræðsluefni og hvernig staðan væri varðandi ákveðna þætti til að fræða starfsfólk. Í öðrum hluta er fjallað um skyldur svarenda í starfi og aðstöðu starfsfólks þar sem svarendur forgangsroðuðu skyldum sínum og lögðu mat á hve vel hefði tekist til með ákveðnar skyldur þeirra í starfi auk þess sem þeir svöruðu spurningum um aðstöðu sína í vinnunni. Þriðji hlutinn snýr að högum íbúa og daglegu lífi þeirra en þar er fjallað um svör fólks við spurningum um dagskipulag íbúa, sjálfstæði þeirra og þátttöku í tólmstundum og félagsstarfi. Fjórði og síðasti hlutinn fjallar um mat svarenda á því hvað brýnast er að gera í búsetumálum fólks með þroskahömlun, annars vegar hvað varðar afskipti hins opinbera þegar til lengri tíma er lítið og hins vegar hvað varðar fólkið á því heimili sem svarendur unnu á.

Fræðsla starfsfólks

Eins og sjá má í töflu 6 höfðu 44% svarenda fengið sérstaka menntun eða námskeið sem fjallaði um aldrað fólk með þroskahömlun. Því eldra sem starfsfólk var því frekar hafði það fengið þess háttar menntun eða sótt þess háttar námskeið. Í samræmi við það má sjá að því hærri starfsaldur sem svarendur höfðu því frekar hafði það menntun eða hafði sótt námskeið á umræddu sviði. Ekki skal lesið of mikið í þann mun sem kemur fram eftir menntun svarenda því það þarf ekki að koma á óvart að þeir sem eru menntaðir þroskaþjálfar eða stuðningsfulltrúar hafa frekar sótt námskeið eða menntað sig í málefnum aldraðs fólks með þroskahömlun. Þeir þátttakendur sem höfðu fengið sérstaka menntun eða námskeið sem fjallar um aldrað fólk með þroskahömlun voru beðnir að tiltaka hvaða námskeið eða menntun þeir fengu en þau svör má sjá í töflu 7. Flestir höfðu farið á stuðningsfulltrúanámskeið og margir höfðu fengið umrædda menntun í þroskaþjálfanámi sínu eða félagsliðanámi.

Tafla 6. Hefur þú fengið sérstaka menntun eða námskeið sem fjallar um aldrað þroskaheft fólk?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	44,3	55,7	100%	305
Kyn				
Karl	36,5	63,5	100%	52
Kona	46,0	54,0	100%	252
Aldur***				
30 ára og yngri	28,4	71,6	100%	81
31 til 40 ára	39,5	60,5	100%	43
41 til 50 ára	41,9	58,1	100%	74
51 til 60 ára	54,7	45,3	100%	75
61 árs og eldri	73,3	26,7	100%	30
Búseta				
Reykjavík	49,5	50,5	100%	91
Reykjanes og Suðurland	40,4	59,6	100%	94
Önnur sveitarfélög	43,3	56,7	100%	120
Menntun***				
Grunnskólapróf	35,7	64,3	100%	112
Stúdentspróf	30,8	69,2	100%	26
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	63,5	36,5	100%	74
Þroskaþjálfari	59,2	40,8	100%	49
Annað próf á háskólastigi	16,7	83,3	100%	30
Starfsaldur**				
Skemur en 1 ár	23,7	76,3	100%	38
1 til 3 ár	34,2	65,8	100%	73
4 til 6 ár	45,2	54,8	100%	62
7 til 10 ár	54,5	45,5	100%	55
Lengur en 10 ár	56,6	43,4	100%	76

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

**Tafla 7. Hvaða námskeið eða menntun hefur þú fengið?
(Framhald af spurningunni: Hefur þú fengið sértsaka
menntun eða námskeið sem fjallar um aldrað
þroskaheft fólk?)**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Stuðningsfulltrúanámskeið	28	9,1	27,2
Í þroskaþjálfanámi	14	4,5	13,6
Í félagsliðanámi	11	3,6	10,7
Námskeið hjá SSR	6	1,9	5,8
Stoðnámskeið	6	1,9	5,8
Í félagsráðgjafanámi	3	1,0	2,9
Námskeið hjá Ási styrktarfélagi	3	1,0	2,9
Í sjúkraliðanámi	3	1,0	2,9
Námskeið hjá SFR	2	0,6	1,9
Annað	27	8,8	26,2
Hef ekki farið á námskeið	170	55,2	-
Veit ekki/man ekki	2	0,6	-
Svarar ekki	33	10,7	-
Alls	308	100%	100%

Rífllega þriðjungur svarenda hafði aðgang að gagnlegu lesefni eða upplýsingum um öldrun eða þroskahömlun á sínum vinnustað. Vegna þess hver fáir svarendur höfðu aðgang að lesefni eða upplýsingum sem gagnaðist þeim ekki, fengust ekki fram gild marktektarpróf fyrr en búið var að sameina svör þessa hóps og þeirra sem ekki höfðu aðgang að lesefni eða upplýsingum. Þegar þeir sem aðgang höfðu af gagnlegu efni voru bornir saman við aðra kom fram munur eftir aldri þar sem elsti hópurinn, 61 árs og eldri, taldi sig hvað helst hafa aðgang að gagnlegu efni en þeir sem voru 31 til 40 ára hvað síst. Þroskaþjálfar töldu sig hvað síst hafa aðgang að gagnlegu efni en þeir sem höfðu lokið prófi á framhaldsskólastigi eða starfsmenntun stuðningsfulltrúa töldu sig hvað helst hafa aðgang að slíku efni (sjá töflu 8).

Tafla 8. Hefur starfsfólk aðgang að lesefni eða upplýsingum um öldrun og þá sérstaklega um aldraða með þroskahömlun á vinnustaðnum?¹

	Já, gagnlegu efni	Já, en það er ekki gagnlegt	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	35,8	7,1	57,1	100%	240
Kyn ^{óg ()}					
Karl	37,2	9,3	53,5	100%	43
Kona	35,7	6,6	57,7	100%	196
Aldur ^{óg (***)}					
30 ára og yngri	46,4	1,8	51,8	100%	56
31 til 40 ára	9,1	9,1	81,8	100%	33
41 til 50 ára	27,6	10,3	62,1	100%	58
51 til 60 ára	34,8	6,1	59,1	100%	66
61 árs og eldri	64,0	12,0	24,0	100%	25
Búseta					
Reykjavík	38,0	12,7	49,3	100%	71
Reykjanes og Suðurland	37,8	6,8	55,4	100%	74
Önnur sveitarfélög	32,6	3,2	64,2	100%	95
Menntun ^{óg (**)}					
Grunnskólapróf	38,8	3,5	57,6	100%	85
Stúdentspróf	35,3	0,0	64,7	100%	17
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	54,5	10,9	34,5	100%	55
Þroskaþjálfari	15,6	15,6	68,9	100%	45
Annað próf á háskólastigi	26,9	3,8	69,2	100%	26
Starfsaldur ^{óg ()}					
Skemur en 1 ár	48,1	3,7	48,1	100%	27
1 til 3 ár	44,2	1,9	53,8	100%	52
4 til 6 ár	36,7	4,1	59,2	100%	49
7 til 10 ár	24,4	13,3	62,2	100%	45
Lengur en 10 ár	31,8	10,6	57,6	100%	66

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

¹ Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Já, en það er ekki gagnlegt* og *Nei* sameinaðir í tölfraeðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Meirihluti svarenda, eða 70% þeirra, fannst ýmist vanta eða vanta mikið upplýsingabæklinga til að fræða starfsfólk (sjá töflu 9). Ekki kom fram munur eftir bakgrunni fólks.

Tafla 9. Hver finnst þér staðan vera hvað varðar upplýsingabæklinga til að fræða starfsfólk?

	Vantar mikið	Vantar	Vantar ekki/ Er í góðu lagi	Samtals	Fjöldi
Heild	17,1	53,1	29,8	100%	258
Kyn					
Karl	20,9	53,5	25,6	100%	43
Kona	16,4	52,8	30,8	100%	214
Aldur					
30 ára og yngri	18,8	47,5	33,8	100%	80
31 til 40 ára	12,8	69,2	17,9	100%	39
41 til 50 ára	23,0	45,9	31,1	100%	61
51 til 60 ára	17,2	56,9	25,9	100%	58
61 árs og eldri	0,0	55,6	44,4	100%	18
Búseta					
Reykjavík	19,7	55,3	25,0	100%	76
Reykjanes og Suðurland	13,1	61,9	25,0	100%	84
Önnur sveitarfélög	18,4	43,9	37,8	100%	98
Menntun					
Grunnskólapróf	14,1	54,3	31,5	100%	92
Stúdentspróf	26,1	43,5	30,4	100%	23
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	19,0	48,3	32,8	100%	58
Þroskaþjálfari	18,8	62,5	18,8	100%	48
Annað próf á háskólastigi	12,5	50,0	37,5	100%	24
Starfsaldur					
Skemur en 1 ár	18,2	60,6	21,2	100%	33
1 til 3 ár	11,1	50,8	38,1	100%	63
4 til 6 ár	24,1	44,8	31,0	100%	58
7 til 10 ár	13,6	61,4	25,0	100%	44
Lengur en 10 ár	18,6	52,5	28,8	100%	59

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Tæp 64% svarenda fannst vanta eða vanta mikið námskeið til að fræða starfsfólk. Munur kom fram eftir starfsaldri fólks þar sem hlutfallslega flestir þeirra með fjögurra til sex ára starfsaldur fannst vanta mikið námskeið og þeir sem höfðu starfað í sjö til tíu ár fannst staðan hvað helst vera í lagi (sjá töflu 10).

Tafla 10. Hver finnst þér staðan vera hvað varðar námskeið til að fræða starfsfólk?

	Vantar mikið	Vantar	Vantar ekki/ Er í góðu lagi	Samtals	Fjöldi
Heild	17,2	46,4	36,3	100%	267
Kyn					
Karl	15,6	44,4	40,0	100%	45
Kona	17,6	46,6	35,7	100%	221
Aldur					
30 ára og yngri	21,8	35,9	42,3	100%	78
31 til 40 ára	19,5	48,8	31,7	100%	41
41 til 50 ára	15,6	51,6	32,8	100%	64
51 til 60 ára	14,1	50,0	35,9	100%	64
61 árs og eldri	11,1	61,1	27,8	100%	18
Búseta					
Reykjavík	20,3	43,2	36,5	100%	74
Reykjanes og Suðurland	15,9	48,8	35,4	100%	82
Önnur sveitarfélög	16,2	46,8	36,9	100%	111
Menntun					
Grunnskólapróf	15,6	47,9	36,5	100%	96
Stúdentspróf	24,0	36,0	40,0	100%	25
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	18,3	43,3	38,3	100%	60
Þroskaþjálfari	17,4	56,5	26,1	100%	46
Annað próf á háskólastigi	16,0	40,0	44,0	100%	25
Starfsaldur*					
Skemur en 1 ár	20,0	42,9	37,1	100%	35
1 til 3 ár	10,2	40,7	49,2	100%	59
4 til 6 ár	26,7	33,3	40,0	100%	60
7 til 10 ár	14,3	61,2	24,5	100%	49
Lengur en 10 ár	14,3	55,6	30,2	100%	63

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Tæp 55% þátttakanda fannst staðan varðandi handleiðslu til að fræða starfsfólk vera í góðu lagi eða að ekki vantaði frekari handleiðslu. Íbúum á Reykjanesi og á Suðurlandi fannst þessu atriði þó frekar ábótavant en íbúum annarra landshluta (sjá töflu 11).

Tafla 11. Hver finnst þér staðan vera hvað varðar handleiðslu til að fræða starfsfólk?

	Vantar mikið	Vantar	Vantar ekki/ Er í góðu lagi	Samtals	Fjöldi
Heild	11,3	34,2	54,6	100%	240
Kyn					
Karl	4,9	41,5	53,7	100%	41
Kona	12,6	32,3	55,1	100%	198
Aldur					
30 ára og yngri	13,2	27,6	59,2	100%	76
31 til 40 ára	10,3	30,8	59,0	100%	39
41 til 50 ára	10,2	39,0	50,8	100%	59
51 til 60 ára	10,6	46,8	42,6	100%	47
61 árs og eldri	11,8	23,5	64,7	100%	17
Búseta*					
Reykjavík	13,2	35,3	51,5	100%	68
Reykjanes og Suðurland	14,5	43,4	42,1	100%	76
Önnur sveitarfélög	7,3	26,0	66,7	100%	96
Menntun					
Grunnskólapróf	5,7	32,2	62,1	100%	87
Stúdentspróf	8,7	34,8	56,5	100%	23
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	14,8	31,5	53,7	100%	54
Þroskaþjálfari	22,5	42,5	35,0	100%	40
Annað próf á háskólastigi	4,5	36,4	59,1	100%	22
Starfsaldur					
Skemur en 1 ár	6,3	34,4	59,4	100%	32
1 til 3 ár	7,1	21,4	71,4	100%	56
4 til 6 ár	14,5	34,5	50,9	100%	55
7 til 10 ár	9,5	45,2	45,2	100%	42
Lengur en 10 ár	16,4	38,2	45,5	100%	55

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Ríflega 70% svarenda fannst ekki vanta munnlegar upplýsingar eða leiðsögn til að fræða starfsfólk (sjá töflu 12). Ekki kom fram munur eftir bakgrunni fólks.

Tafla 12. Hver finnst þér staðan vera hvað varðar munnlegar upplýsingar/leiðsögn til að fræða starfsfólk?²

	Vantar mikið	Vantar	Vantar ekki/ Er í góðu lagi	Samtals	Fjöldi
Heild	6,0	23,0	71,0	100%	248
Kyn					
Karl	2,5	27,5	70,0	100%	40
Kona	6,8	21,7	71,5	100%	207
Aldur ^{óg()}					
30 ára og yngri	5,1	20,3	74,7	100%	79
31 til 40 ára	0,0	26,8	73,2	100%	41
41 til 50 ára	8,2	18,0	73,8	100%	61
51 til 60 ára	10,2	32,7	57,1	100%	49
61 árs og eldri	6,3	18,8	75,0	100%	16
Búseta ^{óg()}					
Reykjavík	7,0	16,9	76,1	100%	71
Reykjanes og Suðurland	3,8	30,0	66,3	100%	80
Önnur sveitarfélög	7,2	21,6	71,1	100%	97
Menntun ^{óg()}					
Grunnskólapróf	4,3	20,7	75,0	100%	92
Stúdentspróf	4,2	20,8	75,0	100%	24
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	9,3	29,6	61,1	100%	54
Þroskaþjálfari	7,1	19,0	73,8	100%	42
Annað próf á háskólastigi	4,3	26,1	69,6	100%	23
Starfsaldur ^{óg()}					
Skemur en 1 ár	2,9	11,4	85,7	100%	35
1 til 3 ár	1,7	23,3	75,0	100%	60
4 til 6 ár	7,3	18,2	74,5	100%	55
7 til 10 ár	7,1	35,7	57,1	100%	42
Lengur en 10 ár	10,9	23,6	65,5	100%	55

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Fjórum af hverjum fimm fannst staðan hvað varðar bækur um öldrun til að fræða starfsfólk ekki nægilega góð. Munur kom fram á svörum fólks eftir aldri þar sem svarendur á aldrinum 31 til 50 ára voru óánægðari með stöðuna en aðrir svarendur. Þegar flokkarnir *Vantar mikið* og *Vantar*

² Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Vantar mikið* og *Vantar* sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

voru sameinaðir kom fram munur á svörum eftir menntun fólks þar sem þeir sem höfðu próf á framhaldsskólastigi öðru en stúdentsprófi eða starfsmenntun stuðningsfulltrúa fannst staðan hvað helst vera í góðu lagi en þeir sem voru menntaðir þroskaþjálfar fannst hún hvað síst vera í góðu lagi (sjá töflu 13).

Tafla 13. Hver finnst þér staðan vera hvað varðar bækur um öldun til að fræða starfsfólk?³

	Vantar mikið	Vantar	Vantar ekki/ Er í góðu lagi	Samtals	Fjöldi
Heild	19,0	61,5	19,4	100%	252
Kyn					
Karl	17,1	65,9	17,1	100%	41
Kona	19,0	61,0	20,0	100%	210
Aldur*					
30 ára og yngri	16,5	58,2	25,3	100%	79
31 til 40 ára	10,0	80,0	10,0	100%	40
41 til 50 ára	30,0	56,7	13,3	100%	60
51 til 60 ára	20,4	61,1	18,5	100%	54
61 árs og eldri	11,8	52,9	35,3	100%	17
Búseta					
Reykjavík	20,8	66,7	12,5	100%	72
Reykjanes og Suðurland	18,3	67,1	14,6	100%	82
Önnur sveitarfélög	18,4	53,1	28,6	100%	98
Menntun óg (*)					
Grunnskólapróf	14,4	66,7	18,9	100%	90
Stúdentspróf	20,8	62,5	16,7	100%	24
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	16,4	52,7	30,9	100%	55
Þroskaþjálfari	19,6	73,9	6,5	100%	46
Annað próf á háskólastigi	30,4	52,2	17,4	100%	23
Starfsaldur					
Skemur en 1 ár	9,1	66,7	24,2	100%	33
1 til 3 ár	13,8	63,8	22,4	100%	58
4 til 6 ár	29,1	49,1	21,8	100%	55
7 til 10 ár	17,0	72,3	10,6	100%	47
Lengur en 10 ár	22,4	58,6	19,0	100%	58

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

³ Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Vantar mikið* og *Vantar* sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Ef það var eitthvað annað sem svarendum fannst vanta til að fræða starfsfólk gátu þeir tekið það fram. Eins og sjá má í töflu 14 nefndu nokkrir að það vantaði efni um öldrun og sjúkdóma fólks með þroskahömlun, námskeið og fræðsluefni á fleiri tungumálum en íslensku.

Tafla 14. Ef það er annað sem vantar til að fræða starfsfólk, hvað?

	Fjöldi	Hlutfall
Vantar efni um öldrun/sjúkdóma þroskahefts fólks	3	21,4
Vantar fleiri/almenn námskeið (sem hækka mann í launum)	3	21,4
Efni aðeins á íslensku - vantar t.d. á ensku og pólsku	2	14,3
Fleira fagfólk á vinnustöðum	1	7,1
Vantar efni um geðheilsu	1	7,1
Hafa bókina <i>Lífið eftir sextugt</i> aðgengilega	1	7,1
Vantar tíma til að sinna íbúum	1	7,1
Vantar samræmi milli aðstandenda og starfsfólks	1	7,1
Vantar tíma til að fræða starfsfólk	1	7,1
Alls	14	100%

Svarendur voru spurðir hversu oft starfsmannafundir væru haldnir að jafnaði. Hægt var að miða svarið við vikur, mánuði eða ár eftir því hvað hentaði hverjum og einum best. Svörin náðu allt frá einu sinni á ári upp í fimm sinnum í viku. Í töflu 15 er búið að uppfæra svörin á þann hátt að þau miðast öll við fjölda starfsmannafunda á ári. Þar má sjá að hjá nær tveimur af hverjum þremur svarendum voru haldnir starfsmannafundir einu sinni í mánuði (tólf sinnum á ári). Aðeins einn svarandi sótti starfsmannafundi fimm sinnum á viku (260 sinnum á ári) og er það langt um oftar en þeir svarendur sem sóttu fundi næstoftast á ári en það eru þeir sem sækja fundi einu sinni í viku (52 sinnum á ári). Í töflu 16 er ekki reiknað með þeim svaranda sem sækir starfsmannafundi fimm sinnum í viku þar sem sá eini þátttakandi myndi hafa mikil áhrif á meðaltalið. Þegar ekki er reiknað með honum er meðalfjöldi starfsmannafunda rúmlega 12 fundir á ári.

Tafla 15. Hversu oft eru haldnir starfsmannafundir að jafnaði? Miðaðu við þetta ár sem er að líða.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Einu sinni á ári	4	1,3	1,4
Tvisvar á ári	7	2,3	2,4
Þrisvar á ári	4	1,3	1,4
Fjórum sinnum á ári	14	4,5	4,7
Fimm sinnum á ári	13	4,2	4,4
Sex sinnum á ári	12	3,9	4,1
Sjö sinnum á ári	7	2,3	2,4
Átta sinnum á ári	11	3,6	3,7
Níu sinnum á ári	9	2,9	3,0
Tólf sinnum á ári	191	62,0	64,5
24 sinnum á ári	11	3,6	3,7
52 sinnum á ári	12	3,9	4,1
260 sinnum á ári	1	0,3	0,3
Veit ekki	9	2,9	-
Svarar ekki	3	1,0	-
Alls	308	100%	100%

Tafla 16. Hversu oft eru haldnir starfsmannafundir að jafnaði? Miðaðu við þetta ár sem er að líða. Lýsandi tölfræði.

	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Hversu oft eru haldnir starfsmannafundir að jafnaði á ári?	295	1	52	12,3	9,2

Í töflu 17 má sjá að starfsmannafundir voru alltaf eða oft nýttir til fræðslu hjá ríflega 40% svarenda og stundum hjá öðrum 40% þeirra. Hjá íbúum á Reykjanesi og Suðurlandi voru starfsmannafundir frekar nýttir til fræðslu en hjá íbúum annarra landssvæða.

Tafla 17. Eru starfsmannafundir nýttir til fræðslu?⁴

	Alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Samtals	Fjöldi
Heild	13,0	28,2	40,5	13,0	5,3	100%	301
Kyn							
Karl	21,2	26,9	38,5	11,5	1,9	100%	52
Kona	11,3	28,6	40,7	13,3	6,0	100%	248
Aldur ^{óg ()}							
30 ára og yngri	17,1	31,6	32,9	14,5	3,9	100%	76
31 til 40 ára	7,0	20,9	55,8	11,6	4,7	100%	43
41 til 50 ára	14,7	24,0	42,7	9,3	9,3	100%	75
51 til 60 ára	9,2	31,6	34,2	19,7	5,3	100%	76
61 árs og eldri	17,2	31,0	51,7	0,0	0,0	100%	29
Búseta ^{**}							
Reykjavík	8,1	25,6	45,3	12,8	8,1	100%	86
Reykjanes og Suðurland	23,4	29,8	28,7	16,0	2,1	100%	94
Önnur sveitarfélög	8,3	28,9	46,3	10,7	5,8	100%	121
Menntun ^{óg ()}							
Grunnskólapróf	12,5	27,7	42,0	11,6	6,3	100%	112
Stúdentspróf	20,8	29,2	16,7	25,0	8,3	100%	24
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	12,5	33,3	36,1	12,5	5,6	100%	72
Þroskaþjálfari	12,2	26,5	51,0	8,2	2,0	100%	49
Annað próf á háskólastigi	10,3	20,7	48,3	17,2	3,4	100%	29
Starfsaldur ^{óg ()}							
Skemur en 1 ár	18,8	25,0	43,8	9,4	3,1	100%	32
1 til 3 ár	17,6	36,5	25,7	12,2	8,1	100%	74
4 til 6 ár	6,5	27,4	48,4	14,5	3,2	100%	62
7 til 10 ár	16,1	26,8	39,3	12,5	5,4	100%	56
Lengur en 10 ár	9,2	23,7	48,7	14,5	3,9	100%	76

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

⁴ Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Sjaldan* og *Aldrei* sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Skyldur starfsfólks og aðstaða þeirra

Aðstaða starfsfólks var í flestum tilfellum herbergi inni á heimilinu (30%) eða herbergi í sameign (27%). Ef enginn svarmöguleikanna í spurningalistanum átti við gátu þátttakendur skráð svar sitt sem *annað*. Þegar farið var í gegnum þessi opnu svör var ljóst að tæp 23% svarenda skráðu að engin sérstök vinnuaðstaða væri til staðar fyrir starfólkið (sjá töflu 18).

Tafla 18. Hvar er vinnuaðstaða starfsmanna?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Herbergi inni á heimilinu	91	29,5	30,2
Herbergi í sameign	80	26,0	26,6
Húsnæði í tengslum við sambýlið	39	12,7	13,0
Lítill/opin skrifstofa eða skrifstofa yfirmanns	13	4,2	4,3
Starfsmannaíbúð	8	2,6	2,7
Í skammtímvistun	2	0,6	0,7
Engin aðstaða/heimilið allt	68	22,1	22,6
Svarar ekki	7	2,3	-
Alls	308	100%	100%

Svarendur voru því næst beðnir að leggja mat á þessa aðstöðu starfsfólks og þótti 28% þeirra hún vera mjög góð, 37% bærileg og 15% ekki góð. Tæp 20% þótti aðstaðan frekar eða mjög slæm. Konur töldu aðstöðuna vera verri en karlar og eins og vænta mátti töldu aðstöðulausir starfsmenn aðstöðuna vera verri en þeir sem einhverja aðstöðu höfðu. Þeir sem höfðu aðstöðu í tengslum við sambýlið, t.d. bílskúr, voru hvað sáttastir við aðstöðuna (sjá töflu 19).

**Tafla 19. Hvernig metur þú þessa aðstöðu? (Framhald af spurningunni: Hver er vinnu-
aðstaða starfsmanna?)⁵**

	Mjög góð	Bærileg	Ekki góð	Frekar slæm	Mjög slæm	Samtals	Fjöldi
Heild	27,6	37,2	15,4	5,8	14,0	100%	293
Kyn**							
Karl	45,1	39,2	11,8	2,0	2,0	100%	51
Kona	24,1	36,9	16,2	6,6	16,2	100%	241
Aldur ^{óg ()}							
30 ára og yngri	40,3	31,2	11,7	5,2	11,7	100%	77
31 til 40 ára	26,8	34,1	12,2	7,3	19,5	100%	41
41 til 50 ára	28,2	38,0	19,7	5,6	8,5	100%	71
51 til 60 ára	17,8	43,8	17,8	5,5	15,1	100%	73
61 árs og eldri	17,2	37,9	13,8	6,9	24,1	100%	29
Búseta							
Reykjavík	27,9	39,5	11,6	7,0	14,0	100%	86
Reykjanes og Suðurland	26,4	28,6	22,0	5,5	17,6	100%	91
Önnur sveitarfélög	28,4	42,2	12,9	5,2	11,2	100%	116
Menntun ^{óg ()}							
Grunnskólapróf	28,0	39,3	12,1	7,5	13,1	100%	107
Stúdentspróf	24,0	32,0	24,0	8,0	12,0	100%	25
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	26,8	40,8	14,1	4,2	14,1	100%	71
Þroskaþjálfari	23,4	34,0	17,0	4,3	21,3	100%	47
Annað próf á háskólastigi	31,0	34,5	20,7	6,9	6,9	100%	29
Starfsaldur ^{óg ()}							
Skemur en 1 ár	34,3	42,9	17,1	0,0	5,7	100%	35
1 til 3 ár	38,0	26,8	18,3	7,0	9,9	100%	71
4 til 6 ár	19,7	45,9	14,8	4,9	14,8	100%	61
7 til 10 ár	25,0	38,5	15,4	9,6	11,5	100%	52
Lengur en 10 ár	23,3	37,0	11,0	5,5	23,3	100%	73
Vinnuástaða starfsmanna**							
Herbergi inni á heimilinu	27,8	37,8	17,8	5,6	11,1	100%	35
Húsnæði í tengslum við sambýlið	41,0	35,9	15,4	2,6	5,1	100%	71
Herbergi í sameign	25,3	48,1	11,4	6,3	8,9	100%	61
Annað	26,3	34,2	21,1	5,3	13,2	100%	52
Engin aðstaða/heimilið allt	18,2	22,7	13,6	6,8	38,6	100%	73

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Þriðjungur svarenda sagði starfsfólk ekki hittast utan vakta og tveir af hverjum þremur sögðu starfsfólk hittast utan vakta, í flestum tilfellum hittist fólk þó ekki oft. Ekki reyndist munur á svörum fólks eftir bakgrunni (sjá töflu 20). Það starfsfólk sem hittist utan vakta gerði það hvað

⁵ Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Frekar slæm* og *Mjög slæmi* sameinaðir í tölfraeðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

helst til að fara yfir málefni tengd vinnunni á starfsmannafundum og starfsdögum. Einnig hittist fólk á skipulögðum skemmtunum svo sem árshátíð og litlu jólum sem og óformlegum skemmtunum þar sem starfsfólk fór saman út að borða eða hittist yfir kaffibolla (sjá töflu 21).

Tafla 20. Hittist starfsfólk á heimilinu utan vakta?

	Já, oft	Já, en mjög sjaldan	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	7,6	60,3	32,1	100%	302
Kyn					
Karl	7,7	63,5	28,8	100%	52
Kona	7,6	59,8	32,5	100%	249
Aldur					
30 ára og yngri	3,7	70,4	25,9	100%	81
31 til 40 ára	9,5	57,1	33,3	100%	42
41 til 50 ára	6,8	53,4	39,7	100%	73
51 til 60 ára	9,3	61,3	29,3	100%	75
61 árs og eldri	10,3	51,7	37,9	100%	29
Búseta					
Reykjavík	4,5	60,2	35,2	100%	88
Reykjanes og Suðurland	6,5	60,2	33,3	100%	93
Önnur sveitarfélög	10,7	60,3	28,9	100%	121
Menntun					
Grunnskólapróf	9,1	61,8	29,1	100%	110
Stúdentspróf	7,7	50,0	42,3	100%	26
Annað próf á framhaldssk.stigi/Stuðningsfulltrúi	12,3	54,8	32,9	100%	73
Þroskaþjálfari	2,1	66,7	31,3	100%	48
Annað próf á háskólastigi	3,3	53,3	43,3	100%	30
Starfsaldur					
Skemur en 1 ár	7,9	57,9	34,2	100%	38
1 til 3 ár	4,1	58,1	37,8	100%	74
4 til 6 ár	6,6	65,6	27,9	100%	61
7 til 10 ár	9,3	72,2	18,5	100%	54
Lengur en 10 ár	10,8	51,4	37,8	100%	74

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$


óg: Marktæktaþróf er ógilt

Tafla 21. Ef starfsfólk hittist utan vakta, til hvers?


	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Fræðsla og málefni tengd vinnunni	22	7,1	31,9
